Ed. **578. Tillaga til þingsályktunar**

um jarðræktarmál.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristinn Andrésson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli Búnaðarfélagi Íslands framkvæmd rannsókna, leiðbeiningastörf, nauðsynlega skipulagningu og undirbúning lagasetningar, er lýtur að þeim málefnum landbúnaðarins, er hér verða talin:

1. Víðtækum jarðvegsrannsóknum í helztu jarðræktarhéruðum landsins, og skal jafnframt aflað yfirlits um stærri og smærri mýrlendi, er vel þykja henta til framræslu, með tilliti til aðstöðu til verksins sjálfs, til landsgæðanna og annars, er máli skiptir. Skulu rannsóknir þessar jöfnum höndum gerðar á þeim stöðum, er Búnaðarfélag Íslands velur til athugunar, og þar, sem hreppabúnaðarfélög og aðrir hlutaðeigendur æskja rannsóknanna.
2. Athugunum og leiðbeiningum fyrir einstaka bændur, búnaðarfélög og félagsræktunarstjórnir um það, hve stórvirkar skurðgröfur og önnur vinnslutæki henti bezt á hverjum stað til aðgerða samkv 1. lið, og skal jafnframt leitað álits hlutaðeigenda um, hver aðferð þeim þyki hagkvæmust, er kemur til öflunar og umráða tækjanna, t. d. eignarumráð samkv. IV. kafla jarðræktarlaganna eða leigunot samkv. V. kafla sömu laga.
3. Búnaðarfélag Íslands skal leita álits búnaðarsambanda, hreppsbúnaðarfélaga og annarra, er hlut eiga að máli eftir tillögu þessari, um skoðanir þeirra á nauðsynlegum breytingum jarðræktarlaganna vegna þeirra aðgerða, er tillagan fjallar um, svo sem aukningu styrks til vélakaupa við framræslu eða breyttum hlutföllum á styrk til hinna ýmsu jarðabóta.
4. Niðurstöður framanskráðra rannsókna leggi ríkisstjórnin síðan fyrir Alþingi.

Öllum þeim aðgerðum, sem getið er í 1.—4. lið tillögunnar, skal flýtt svo sem föng eru á, jafnframt þeim rannsóknarverkefnum, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með þingsályktun um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði, samþykktri á Alþingi 9. febr. 1943, og með ályktun búnaðarþings 1943 um framleiðslumál landbúnaðarins. Útvegun á stórvirkum skurðgröfum sé og hraðað, eftir því sem rannsóknir gefa tilefni til.

## Greinargerð.

Á fyrri hluta þessa árs var tillaga samþykkt á Alþingi og önnur á búnaðarþingi, er báðar lúta að bættu skipulagi og öðrum umbótum á sviði jarðræktar og landbúnaðar. Sýna tillögur þessar ásamt frumvörpum þeim, er nú hafa verið lögð fyrir Alþingi, um breyting á jarðræktarlögunum, að eigi þykir kyrrstaðan henta, ef sveitabúskapurinn á ekki að dragast aftur úr í hinni bróðurlegu samkeppni við sjávarútveginn. — Án þess að leggja nokkurn dóm á réttmæti þessara nýmæla hvers um sig eða það, hve líkleg þau eru til úrbóta í landbúnaðarmálum, þykir rétt að bera hér fram tillögu til viðbótar, er lýtur að athugun og rannsóknum jarðræktarmála, sem að mestu er gengið á snið við í fyrrnefndum tillögum, en teljast verða mikilsverð undirstöðuatriði framtíðarstarfsins, en það er mýraframræslan og tæki, er henni henta.

Má ekki seinna vera, að tekið sé föstum tökum á framræslumálunum, bæði af því, hve miklu þau skipta í sjálfu sér, og einnig af því, að í þeim efnum er viðhorfið enn sem komið er annað og skemmra á leið komið en ætti að vera. Er því farið fram á það í tillögu þessari, að Búnaðarfélag Íslands og bændur sjálfir leiti samstarfa um undirbúning framræslunnar, rannsóknir gerðar um hentustu framræslusvæðin, skurðgröfur og önnur nauðsynleg tæki ákveðin og útveguð og svo jafnframt leitað hentugustu aðferða um rekstur og umráð vélanna.

Að öðru leyti teljum vér óþarft að gera frekar grein fyrir tillögunni. Þyki ástæða til, verður hún skýrð umfram það, sem hér er gert, er til umræðu kemur hér í efri deild Alþingis.